

Erindisbréf

sérstaks hagræðingarhóps á vegum ráðherranefndar um ríkisfjármál.

Þann 18. júní 2013 samþykkti ríkisstjórnin að tillögu forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra að settur yrði á fót sérstakur hagræðingarhópur sem leggja skuli til aðgerðir til þess að hagræða, forgangsraða og auka skilvirkni í rekstri stofnana ríkisins. Í þeirri vinnu er nauðsynlegt að að fara yfir stóra útgjaldaliði ríkisins s.s. fjölda stöðugilda, skipulag, rekstur, innkaup og skoða hvort gera megi kerfisbreytingar sem leiða til aukinnar framleiðni og betri nýtingar fjármuna án þess að draga þrótt úr öllu kerfinu. Þá getur hópurinn einnig horft til annarra liða s.s. tilfærslna og stofnkostnaðar þótt megin áherslan sé á rekstur og aukna framleiðni ríkisrekstar. Hópurinn skal skila útfærðum tillögum um stefnumarkandi aðgerðir sem gripið verður til strax í kjölfarið.

Um er að ræða vinnu sem unnin er til hliðar við hefðbundna fjárlagavinnu ársins 2014 og þau aðhaldsmarkmið og aðgerðir sem þar er unnið eftir. Tillögurnar byggjast á því að ekki verði um að ræða flatan niðurskurð allra verkefna heldur lagðar til einstakar aðgerðir sem skila verulegri hagræðingu til framtíðar. Mikilvægt er að gott samband verði haft við alla ráðherra þar sem þegar er byrjað að vinna að hugmyndum um kerfisbreytingar og hagræðingu á mörgum sviðum.

Fara skal heildstætt yfir þau verkefni sem ríkið sinnir og reynt að meta þörfina fyrir þau til framtíðar. Oft og tíðum fara verkefni af stað sem tímabundin úræði en enda síðan með því að verða varanleg. Nauðsynlegt að staldra við og spyrja spurninga og endurmeta þörfina með reglulegum hætti. Spyrja þarf spurninga eins og hver er tilgangurinn með verkefninu, hver er þörfin fyrir það, hverjir njóta ávinningsins o.s.frv.

Hagræðingarhópurinn starfar undir stjórn Ásmundar Einars Daðasonar, alþm., og í honum sitja auk hans Guðlaugur Þór Þórðarson, alþm., Vigdís Hauksdóttir, alþm. og Unnur Brá Konráðsdóttir, alþm..

Með hópnum starfa Arnar Þór Másson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, og Sigurður Helgason, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, auk tveggja sérfræðinga sem hópurinn velur sér til samstarfs í samráði við ráðherranefnd um ríkisfjármál og síðan aðrir starfsmenn ráðuneyta og stofnana eftir þörfum.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti fer með almennar umbætur og hagræðingu í ríkisrekstri og er vegna áherslu ríkisstjórnarinnar á jafnvægi í ríkisfjármálum og þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á lagaumgjörð opinberra fjármála, sérstaklega mikilvægt að starfsmenn þess komi beinum hætti að vinnu hópsins.

Hagræðingarhópurinn kynnir tillögur sínar fyrir ráðherranefnd um ríkisfjármál sem leggur í kjölfarið samþykktar tillögur fram til umfjöllunar í ríkisstjórn.

Markmið og starf hópsins

Markmiðið er að hagræðingarhópurinn leggi fram tillögur sem miði að því að auka framleiðni í rekstri ríkisins umtalsvert. Miðað skal við að markmiðinu verði að náð á fyrri hluta kjörtímabilsins og að afraksturs hópsins sjái stað í fjárlögum á hverju ári.


Hagræðingarhópurinn heyrir undir ráðherranefnd um ríkisfjármál sem samanstendur nú af forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra og verður henni reglulega haldið upplýstri um gang mála á milli þess sem hópurinn skilar formlega til hennar tillögum.

Eftirfarandi vinnulag var samþykkt í ríkisstjórn 18. júní 2013 og skal hópurinn hafa það að leiðarljósi í störfum sínum:

- a. Hagræðingarhópurinn skal skoða alla málaflokka allra ráðuneyta sem og rekstur ráðuneyta og stofnana.
- b. Ráðuneyti og stofnanir skulu vinna með hópunum og láta honum í té rekstarupplýsingar og aðrar þær upplýsingar sem hann óskar eftir.
- c. Starfsmenn ráðuneyta og stofnana skulu mæta til fundar við hópin þegar þess er óskað.
- d. Hagræðingarhópurinn kallar til sín sérfræðinga í ráðuneytum eftir þörfum en hefur einnig heimild til að leita til utanaðkomandi innlendra og erlendra sérfræðinga eftir því sem þurfa þykir í samráði við ráðherranefnd um ríkisfjármál.
- e. Þegar nefndin hefur kynnt ráðherranefnd um ríkisfjármál tillögur sínar og nefndin samþykkt þær leggur ráðherranefndin þær fyrir ríkisstjórn til umræðu og samþykktar.
- f. Hljóti tillaga hagræðingahópsins samþykki í ráðherranefndinni og ríkisstjórn hefst innleiðing hennar með viðeigandi hætti s.s. með frumvarpasmíð í ráðuneytunum og samráði við viðkomandi aðila.
- g. Innleiðing tillagnanna verður unnin undir forystu ráðherranefndar um ríkisfjármál í samstarfi við viðkomandi fagráðuneyti.
- h. Sérstaki hagræðingarhópurinn mun fylgjast með innleiðingu tillagnanna.
- i. Sérstaklega skal huga að dreifingu opinberra starfa um allt land þannig að tryggt verði að tillögurnar verði ekki kostnað opinberrar þjónustu á landsbyggðinni.

Forsætisráðuneytinu 5. júlí 2013

Forsætisráðherra



Fjármála- og efnahagsráðherra

